

# STARFSLÝSING



## STARFSHEITI: LEIKSKÓLAKENNARI

**NÆSTI YFIRMAÐUR:** Deildarstjóri

**STARFSSVIÐ:** Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu Fjarðabyggðar.

### MEGINVERKEFNI:

#### Uppeldi og menntun:

Vinnur að uppleddi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

#### Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Sjá nánar „Verkefni hópstjóra“

#### Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

### ANNAD:

Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra.

- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppleddi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.
- Tileinkar sér og vinnur sky. Stefnumörkun skólans sem byggir á Uppbyggingarstefnunni, ART og grænum gildum. Sýnir sveigjanleika í starfi og gott samstarf.